

Mánudaginn 30. okt. 1933.

Nr. 13/1933. **Einar M. Jónasson** (Sjálfur)

gegn

**Fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs,
hreppsnefnd Flateyjarhrepps, Bergi
Jónssyni sýslumanni og Sigfúsi Berg-
mann kaupfélagsstjóra**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Staðfesting uppboðs.

Uppboðsgerð Barðastrandarsýslu 15. marz 1930.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 15. marz 1930 fór fram uppboð í Flatey á Breiðafirði á ýmsum eignum áfrýjanda. Uppboðið fór fram samkv. kröfu fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, til lúkningar á dómskuld áfrýjanda við rikissjóð að upphæð kr. 61192,47 auk vaxta og kostnaðar. Á uppboðinu voru nokkrar húseignir í Flatey ásamt lóðarréttindum og mannvirkjum þar, tveimur skipum og parti úr jörðinni Skálmardal í Múlahreppi, allar boðnar upp í einu lagi og varð uppboðsbeiðandi hæstbjóðandi fyrir 21100 kr., en næsta boð átti hreppsnefnd Flateyjarhrepps, 21000 kr. Með samþykki uppboðsbeiðanda voru eignir þessar lagðar hreppsnefndinni út fyrir boð hennar, og fékk hún uppboðsafsal fyrir þeim, en síðan virðast nokkrar þeirra vera komnar í eign Kaupfélagsins í Flatey.

Uppboðsgerð þessari skaut áfrýjandi til hæstaréttar með stefnu, útg. 8. apríl 1930, og var því máli, með dómi réttarins 30. nóv. 1932, vísað frá dómi. Hefir áfrýjandi nú með stefnu, útg. 22. febr. s. l., skotið máli þessu á ný til hæstaréttar samkv. 27. gr.

hæstaréttarlaganna, og stefnt uppboðsbeiðandanum, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, hreppsnefnd Flateyjarhrepps, uppboðshaldaranum, Bergi sýslumanni Jónssyni, og loks Sigfúsi Bergmann kaupfélagsstjóra „til þess, ef þurfa þykir, að gæta hagsmuna kaupfélagsins“, eftir því sem komið er að orði í stefnunni. Krefst áfrýjandi þess að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og að útgefin uppboðssafsöl verði úr gild felld, og loks að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað í hæstarétti. Af hálfu stefndu er þess krafizt, að uppboðsgerðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í hæstarétti.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að hann hafi, áður en uppboðið fór fram, átt kost á að selja nokkurar af hinum umræddu eignum með hagkvæmum hætti, en þau kaup hafi farizt fyrir sakir þess, að fjármálaráðherra hafi neitað að samþykkja þau. Fjármálaráðherra hafði í marz mánuði 1928 látið leggja löghald á eignir áfrýjanda til tryggingar kröfum ríkissjóðs á hendur honum. Umrædd synjun ráðherra á samþykki á sölu eignanna átti sér stað áður en fjárnám var gert í þeim, 6. júní 1929, og þegar af þeirri ástæðu að sú fjárnámgerð var staðfest með dómi hæstaréttar 4. dez. 1929 getur þessi ástæða eigi haggað gildi hins áfrýjaða uppboðs.

Í annan stað hefir áfrýjandi haldið því fram, að ómerkja beri hina áfrýjuðu uppboðsgerð vegna galla, er hann telur hafa verið á birtingu uppboðsins. Telur hann, að uppboðsauglýsingunni hafi verið áfátt í því að þar hafi þess eigi verið getið hver ætti eignir þær, er selja skyldi, þar hafi eigi verið greint fyrir hverju eignirnar ætti að selja og loks

hafi ekki verið nægilega kveðið á um það, hvar halda ætti uppboðið. Uppboðsauglýsingin er dagsett 14. dez. 1929, þar er þess að vísu eigi getið, hvers eign eignir þær, er selja skyldi, séu en með því að þær þrátt fyrir það eru nægilega skýrt tilgreindar í auglýsingunni, þá getur þessi ástæða eigi valdið ómerkingu uppboðsgerðarinnar. Í auglýsingunni er aftur á móti kveðið á um það berum orðum, að eignirnar séu seldar til lúkningar dómskuld að upphæð kr. 61192,47 auk vaxta og kostnaðar. Hvað uppboðsstaðinn snertir þá er í auglýsingunni að vísu aðeins sagt að uppboðið verði haldið í Flatey á Breiðafirði og er ekki nánar tilgreint hvar á eyjunni það skuli haldið. En stefndu hafa ómótmælt haldið því fram, að það hafi verið auglýst í Flatey að morgni uppboðsdagsins í hvaða húsi uppboðið skyldi hefjast, og verður því einnig að þessu leyti að telja uppboðið birt svo að fullnægjandi sé.

Í uppboðsauglýsingunni frá 14. dez. 1929 eru meðal eigna þeirra, er seldar skyldu, talin sjö nánar tilgreind hús í Flatey. Uppboðið fór fram að undangengnu fjárnámi, er gert var 6. júní 1929, svo sem áður er getið. Í fjárnámsgerð þessari eru hús þessi eigi talin upp sérstaklega, heldur aðeins sagt, að fjárnámi séu tekin hús þau, sem samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaðinu nr. 7, 1927, voru auglýst til sölu úr þrotabúi Guðmundar Bergsteinsonar í Flatey, að undanskildu svokölluðu Eyjólfshúsi. Áfrýjandi telur nú að ósamræmi sé á fjárnámsgerðinni frá 6. júní 1929 og uppboðsauglýsingunni frá 14. dez. s. á., með því að önnur hús séu nefnd í hinni fyrri uppboðsauglýsingu, er dags. er 29. jan. 1927 og til er vitnað í fjárnámsgerðinni, en í auglýsingunni frá 14. dez. 1929, en með því að öll

þau hús er talin voru í hinni síðarnefndu auglýsingu, einnig eru talin í auglýsingunni frá 29. jan. 1927, þá hafa eigi aðrar eignir verið seldar á hinu áfrýjaða uppboði en þær, er fjárnámi höfðu verið teknar við fjárnámsgerðina 6. júní 1929, sem var heimild hins áfrýjaða uppboðs. Verður þessi málsástæða áfrýjanda því eigi tekin til greina.

Þá fær það heldur ekki varðað ógildingu uppboðsins, að næstbjóðanda hreppsnefnd Flateyjarhrepps, voru lagðar út eignirnar fyrir boð hennar, enda er því ómótmælt haldið fram af hinum stefndu, að áfrýjanda hafi verið taldar eignirnar til greiðslu á dómsskuldinni með upphæð, er nam hæsta boðinu á uppboðinu.

Loks geta samningar hreppsnefndarinnar og kaupfélagsins um eignirnar, eftir að uppboðið fór fram, eigi haggð gildi uppboðsins, og það eigi heldur þótt þeir samningar kynnu að hafa verið komnir á áður en uppboðið var haldið, svo sem áfrýjandi virðist halda fram, en ósannað verður að telja.

Samkvæmt framansögðu, ber því að staðfesta hina áfrýjuðu uppboðsgerð og dæma áfrýjanda til að greiða hinum stefndu málskostnað í hæstarétti, 75 krónur til hvers þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu uppboðsgerð skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar M. Jónasson, greiði stefndu, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, hreppsnefnd Flateyjarhrepps, Bergi Jónssyni og Sigfúsi Bergmann, málskostnað í hæstarétti, 75 krónur, til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.